

## Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Tíundi fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 28. apríl 2021. Fundur hófst kl. 9:00.

Fundinn sátu: Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Puríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs, Gerður Björk Sveinsdóttir f.h. Vesturbyggðar (í stað Rebekku Hilmarsdóttur), Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Freyja Pétursdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar og Sigurður Örn Þorleifsson forsætisráðuneyti og Steinar Kaldal f.h. umhverfis-og auðlindaráðuneytis.

### Þetta gerðist:

#### 1. Forgreining á innviðapörf

Rætt var um verkefni sem snýr að forgreiningu á innviðapörf þjóðgarðsins. Verkefnisstjórn landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum hefur úthlutað fimm milljónum króna í greiningarvinnu og er sú vinna hafin. Fyrsti hluti vinnunnar er leiddur af Vestfjarðastofu sem nú vinnur að forgreiningu á innviðapörf í samstarfi við Umhverfisstofnun. Niðurstöður þeirrar vinnu munu nýtast í skýrslu starfshópsins.

#### 2. Innkomnar athugasemdir

Farið var yfir innkomnar athugasemdir. Ákveðið var að fyrir næsta fund starfshóps yrði Umhverfisstofnun búin að skoða skilmálana og setja inn tillögur að mögulegum breytingum á þeim m.t.t. til athugasemdanna. Starfshópurinn mun svo fara yfir það á fundinum.

#### 3. Skýrsla

Haldið var áfram yfirferð yfir texta skýrslu. Ákveðið var að fyrir næsta fund starfshóps yrði skýrslan tilbúin í lokadrögum. Hópurinn hefði svo fram að síðasta fundi til að fara yfir textann og koma með athugasemdir. Á lokafundi yrði skýrslan svo tilbúin til undirritunar starfshóps.

#### 4. Val á nafni

22 tillögur að nafni á þjóðgarðinn hafa borist. Ákveðið var að velja fimm tillögur sem almenningur myndi kjósa um í netkosningu. Gert er ráð fyrir að hægt verði að kjósa til 26.maí, en þá lýkur umsagnarfresti um friðlýsingarskilmála þjóðgarðsins. Umhverfisstofnun mun sjá um fyrirkomulag netkosningar.

#### 5. Önnur mál

Farið var yfir að unnið væri að skipulagi kynningarfundar um friðlýsingarskilmála þjóðgarðsins. Um fjarfund verður að ræða vegna Covid sóttvarnarráðstafana. Umhverfisstofnun mun í samráði við Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð ákveða dags- og tímasetningu fundarins og verður hann auglýstur á heimasíðum stofnunarinnar og sveitarfélaganna.

**Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 10:00.**